

Nr. 20.  
7.  
ágúst.

## Auglýsing

viðvíkjandi

Því, um hve langan tíma hinir eldri silfurpeningar, sem fyrir er mælt um í tilskipun 17. marz 1876 og sem enn eru í gildi, verði innleystir við ríkissjóðinn að því leyti, er Ísland snertir.

Eptir að svo er ákveðið með tilskipun 17. marz. þ. á. samkvæmt 22. gr. í peningalögunum 23. maí 1873, að spesiúmyntir þær, sem getið er í tilsk. 31. júlí 1818, 6. gr.,  $\frac{2}{3}$ ,  $\frac{1}{2}$  og  $\frac{1}{3}$  úr spesiú — að undan tekinni hinni schleswig-holsteinsku spesiúmynt, sem kölluð er inn með lögum 21. desbr. 1874 —, og sömuleiðis allar spesiur, spesiúdalir, ríkisbánsdalir, tveggjaríkisdala-peningar, ríkisdalir og hálfir ríkisdalir, sem slegnir eru samkvæmt seinni auglýsingum, skuli eigi vera gjaldgengir peningar á Íslandi, hvorki í gjöldum til ríkissjóðsins nje manna ámilli, frá þeim degi að 6 mánuðir eru liðnir frá því, að tilskipun 17. marz þ. á. þar er birt almenningi á venjulegan hátt, að þeim degi með töldum, hefir hans hátign konunginum samkvæmt þegnlegum tillögum fjárhagsstjórnarinnar með allrahæstum úrskurði 7. ágúst þ. á. þóknazt allramildilegast að fallast á:

að ríkissjóðurinn skuli samkvæmt 23. gr. peningalaganna að því leyti, er Ísland snertir, til 28. febrúar 1877 taka við hinum eldri silfurpeningum, sem enn eru gjaldgengir, en eptir tilskipun 17. marz 1876 eiga að ganga úr gildi, og innleysa þá fyrir krónumynt eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í 20. gr. peningalaganna.

Þetta skal hjermeð gefið almenningi til vitundar.

*Í fjárhagsstjórninni, 7. dag ágústm. 1876.*

*Estrup.*

*C. Hansen.*

## Bekjendtgjørelse

angaaende

Nr. 20.  
7de  
August.

Tidsfristen for Islands Bedkommende for Indfrielse ved Statskassen af den i Anordning af 17de Marts 1876 omhandlede endnu gjældende ældre Solvmønt.

Efter at det ved Anordning af 17de Marts d. A. er i Henhold til § 22 i Møntloven af 23de Mai 1873 fastsat, at de i Forordningen af 31te Juli 1818 § 6 nævnte Species,  $\frac{2}{3}$ ,  $\frac{1}{2}$  og  $\frac{1}{3}$  Species — herfra dog undtaget den ved Lov af 21de December 1874 indkaldte schleswig-holsteinske Speciesmønt — samt alle i Henhold til senere Bekjendtgjørelser udprægede Species, Speciesdalere, Rigsbankdalere, Dobbeltrigsdalere, Rigsdalere og Halve-Rigsdalere paa Island skulle ophøre at være lovligt Betalingsmiddel saavel til Statskassen som mellem Mand og Mand fra og med 6 Maaneders Dagen, efter at Anordningen af 17de Marts d. A. der er bleven bragt til almindelig Kundskab paa sædvanlig Maade, har det paa Finansministeriets derom nedlagte allerunderdanigste Førestilling behaget Hans Majestæt Kongen ved Allerhøieste Resolution af 7de August d. A. allernaadigst at bifalde:

at i Henhold til Møntlovens § 23 den ved Anordning af 17de Marts 1876 til Inddragning bestemte endnu gjældende ældre Solvmønt vil være at modtage ved Statskassen til Indfrielse og Ombytning mod Kronemønt i Øverensstemmelse med det i Møntlovens § 20 fastsatte Forhold for Islands Bedkommende indtil den 28de Februar 1877.

Skillet herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Bedkommende.

Finansministeriet, den 7de August 1876.

*Estrup.*

*C. Hansen.*